

## Jafnlaunastefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Markmið sveitarfélagsins er að vera eftirsóttur vinnustaður og að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín á grundvelli verðmæti starfa óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Jafnlaunastefnu sveitarfélagsins er ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og þeim kröfum sem fram koma í Jafnlaunastaðli ÍST 85:2012. Einnig skal tryggja öllum starfsmönnum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Sveitarfélagið er aðili að samstarfsverkefni sveitar- og stéttarféлага um starfsmatskerfið SAMSTARF. Kerfið byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til þess að meta störf innbyrðis eftir innihaldi, þ.e. þeim kröfum sem gerðar eru, óháð einstaklingsbundinni hæfni þeirra er gegna þeim hverju sinni. Með notkun starfsmats eru forsendur og rökstuðningur launaákvæðana gerðar skýrar og sýnilegar. Markmið starfsmats er að tryggja að starfsfólki séu ákvörðuð laun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er og á að leiða til þess að störfum sé raðað þannig til grunnlauna að þau séu hin sömu fyrir störf sem metin eru jafnkrefjandi, óháð starfsstöðum, stéttarfélagi eða kyni.

Með það að markmiði hefur sveitarfélagið skuldbundið sig til að:

- Starfrækja vottað jafnlaunakerfi í samræmi við Jafnlaunastaðal ÍST 85:2012, það skjalfest og því viðhaldið.
- Innleiða verklag fyrir ákvæðanir launa sem tryggir að launaákvæðanir séu málefnalegar, gegnsæjar, skjalfestar og rekjanlegar.
- Tryggja að til séu starfslýsingar fyrir öll störf. Þar skulu koma fram allir meginþættir starfs, svo sem kröfur um menntun, hæfni, reynslu og þá ábyrgð sem í starfinu felst.
- Framkvæma launagreiningu árlega þar sem borin eru saman jafn verðmæt störf og kannað hvort til staðar sé ómálefnalegur launamunur og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki og stjórnendum.
- Bregðast við útskýrðum og ómálefnalegum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt og rýni stjórnenda árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og tryggja að hún sé aðgengileg á ytri vef sveitarfélagsins.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 7. apríl 2022.

Matthildur Ásmundardóttir

Bæjarstjóri